

25. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út kennslubók í kirkjurètti. 1861.
3. júlím.

Eptir bænarskrá, er hingað kom með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 2. dag maímánaðar, er síðast leið, hefir stjórn kirkju- og kennslumálanna veitt Jóni Péturssyni, dómara í hinum íslenzka landsyfirrètti, 200 ríkisdala styrk til að gefa út á prent kennslubók í almennum og íslenzkum kirkjurètti. Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það þeim, er hlut eiga að máli, og skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands, þegar stiptsyfirvöldin fara þess á leit við hann, mót kvittun Jóns yfirdómara Péturssonar.

26. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um sameining brauða í Skagafjarðar sýslu. 3. júlím.

Í bréfi 18. nóvemberm. f. á. (er hingað kom 27. maím. þ. á.) hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, skýrt frá því, að um vorið 1860 hafi stiptsyfirvöldunum á Íslandi verið sent eptirrit af bænarskrá nokkurri, er beina leið hafi verið send stjórninni, en í bænarskrá þessari fari nokkrir sóknarmenn í Flugumýrar og Hofstaða sóknum í Skagafjarðar sýslu þess á leit, að felldur verði úr gildi konungsúrskurður 25. septemberm. 1854, um að leggja megi niður Flugumýrar og Hofstaða brauð, og sameina þær sóknir við Miklabæjar brauð og Hóla og Viðvíkur brauð í sömu sýslu; hafið þér því næst beiðst yfirlýsingar frá stjórnarráðinu um það, hvort búast megi við nokkurri breyting á konungsúrskurði þeim, sem fyr var nefndur, og hafið þér getið þess, að þær ástæður, er fyrrum leiddu til þess, að ráðstöfun þessi var gjörð, hafi, að yðar áliti, verið fullgild-

1861. ar, og að þær sæu að engu hraktar með því, sem til er greint
 3. júlím. í bænarskránni.

Um leið og þess skal getið, að bænarskrá sú, sem hér er um rætt, kom ekki til stjórnarráðsins fyrri en með bréfi frá Gísla alþingismanni Brynjólfssyni, dagsettu 28. maím. þ. á., sè yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það hlutadeigendum, að það, sem beðið er um í bænarskránni, ekki verður veitt.

3. júlím. **27. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafa-prestum og prestaekkjum.**

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi 8. maím. þ. á., hefir stjórn kirkju- og kennslumálanna veitt uppgjafa-prestum og prestaekkjum á Íslandi, þeim er nú skal greina, fjárstyrk úr styrktarsjóði sínum á þessa leið:

Pastori emerito Sveinbirni Sveinbjarnarsyni	40 rd.
— — Guðlaugi Sveinbjarnarsyni	10 -
— — Vigfúsi E. Reykdal	10 -
— — Jóni Sigurðssyni	40 -
prestsekkju Þorbjörgu Þorvaldsdóttur	20 -
— Steinunni Ólafsdóttur	20 -
— Guðrúnu Ingvarsdóttur	15 -
— Kristínu Eyríksdóttur	10 -
— Oddnýju Ingvarsdóttur	15 -
— Guðrúnu Þorvaldsdóttur	10 -
— Ingibjörgu Pálsdóttur	10 -

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli. Því skal við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.